



**Háskóla-  
setur  
Vestfirjar**  
University Centre  
of the Westfjords

Í samstarfi við:  
**Menningarráð Vestfirjar**  
**Fræðslumiðstöð Vestfirjar**



Ísafjörður–Hólmavík–Patreksfjörður

# Listaháskóli unga fólksins

Dagana 8. til 12. júní 2009 býður Háskóla-  
setur Vestfirjar upp á Lista-  
háskóla unga fólksins, í samvinnu  
við Menningarráð Vestfirjar og  
Fræðslumiðstöð Vestfirjar. Skólinn  
fer fram samtímis á Ísafirði, Hólma-  
vík og Patreksfirði. Í boði verða  
fjölbreytt og skemmtileg námskeið  
í ólíkum listgreinum fyrir krakka  
fædd 1993–1997. Áhersla er lögð á  
skapandi listir og eru kennarar nám-  
skeiðanna starfandi listamenn  
á sínum sviðum.

Alls verða í boði fimm eins dags  
námskeið. Verð fyrir öll námskeiðin  
fimm er kr. 12.000 en einnig er hægt  
að taka stök námskeið og er verð kr.  
3.000 fyrir hvert námskeið. Boðið er  
upp á 30% systkinaafslátt.

Skráning fer fram á heimasíðu  
Háskóla-  
seturs Vestfirjar:  
[www.hsvest.is](http://www.hsvest.is), þar sem einnig  
má nálgast stundatöflu.

Nánari upplýsingar í síma 450-3040.

# Námskeið í boði

## Látbragð og leikhústrúður

*Kennari: Ársæll Níelsson, leikari*

Nemendur læra grunnhandtökin í látbragðsleik og verða leiddir í sannleikann um undur og fegurð leikhústrúðsins. Að auki verða nemendum kynntar ýmsar æfingar sem hjálpa leikaranum að koma sér í andlegt og líkamlegt jafnvægi áður en farið er á svið.

## Myndasögugerð

*Kennari: Marsíbil Kristjánsdóttir, myndlistakona*

Á námskeiðinu kynnast nemendur einfaldri myndasögugerð og figúrusköpun. Farið verður yfir hluti eins og hreyfingu, skyggingu og hvað fyrirgrunnur, miðgrunnur og bakgrunnur mynda er. Einnig verður fjallað um val á pappír, pennum, litum, tússpennum og fleira. Nemendur fá stuttan texta í hendur sem þeir svo teikna í þrjá til fjóra ramma út frá.

## Stafræn ljósmyndun

*Kennari: Ágúst G. Atlason, áhugaljósmyndari og margmiðlunarhönnuður*

Á námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði í stafrænni ljósmyndun, hvernig á að nota myndavélina og hvaða möguleika ýmsar stillingar bjóða upp á. Í framhaldi af því verða þessar aðferðir prófaðar úti á vettvangi. Að lokum verða möguleikar einfaldra myndvinnsluforrita og ljósmyndasíðna eins og flickr.com skoðaðir. Athugið að nemendur þurfa að koma með stafræna myndavél á námskeiðið, það má vera hvernig vél sem er.

## Orð eru sprengjur og setningar sverð

*Kennari: Davíð Stefánsson, ljóðskáld og bókmenntafræðingur*

Hvað er tungumálið? Til hvers er það notað? Af hverju heita allar vörur svona jákvæðum nöfnum? Af hverju eru sum orð vinsælli en önnur? Segir eitt orð meira en þúsund myndir? Getum við innbyrt endalaust magn af skilaboðum á einum degi – eða kemur að því að heilinn fær nóg?

Námskeiðið byggir á bókinni Tvískinnu og hefur tvö markmið: Að kenna gagnrýninn lestur og skapandi skrif. Tungumálið er valdataeki og það er hægt að nota til að hafa áhrif á manneskjur. Við lesum í tákn-skilaboðin í kringum okkur, án þess að fatta það, og því síast inn í hausinn allskyns áróður. Með þjálfun er hægt að öðlast betri meðvitund um skilaboðin og greina bullið frá ruglinu.

Allir geta skapað og skrifað. Svo einfalt er það. Það er bara spurning um vilja, ákvörðun og þjálfun. Á námskeiðinu verða iðkaðar skemmtilegar æfingar sem koma sköpuninni af stað og nemendum býðst að vinna með eigin hugmyndir að ljóðum, kvikmyndahandritum eða öðrum skálduðum texta.

## Tónlistarsköpun

*Kennari: Kristinn Jóhann Níelsson, tónlistakennari*

Kynntar eru nokkrar ólíkar aðferðir og hugmyndir við að semja tónlist. Skoðuð tengsl tónlistar og tilfinninga og hverju leitað er að með því að semja tónlist, hvaða leiðir koma til greina og hvað það er sem segir okkur að við séum á rétttri leið. Fyrst er unnið í einum stórum hópi og svo er skipt í minni hópa og að lokum vinnur hver með sitt. Námskeiðið tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og hvað hver og einn getur og langar að sýna og nota. Það miðar að því að hvetja, virkja og tengja. Hægt er að nota allar gerðir tónlistar og gera tilraunir.

Skráning fer fram á heimasíðu Háskólaseturs Vestfjarða [www.hsvest.is](http://www.hsvest.is), þar sem einnig má nálgast stundatöflu. Nánari upplýsingar í síma **450-3040**.